

Ávarp stjórnarformanns

Fundarstjóri, góðir gestir, ágætu samstarfsmenn í stjórn og starfsmenn Orkubús Vestfjarða.

Á aðalfundi Orkubús Vestfjarða þann 9. maí 2011 var stjórn félagsins kosin.

Þá gekk Guðmundur Jóhannsson úr stjórn, en hann hafði setið í stjórn félagsins frá árinu 2004, og verið formaður stjórnar frá þeim tíma. Aðrir stjórnarmenn héldu áfram störfum en þeir eru: Árni Brynjólfsson, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Kolbrún Sverrisdóttir og Viktoría Rán Ólafsdóttir. Undirritaður kom inn í stjórnina og var á fyrsta fundi hennar kosinn formaður stjórnar. Vil ég á nú endurtaka þakkir til Guðmundar Jóhannssonar fyrir störf hans í þágu félagsins.

Þegar ég lét af störfum sem bæjarstjóri í Vesturbyggð 31. ágúst 1998 fór ég suður. Ég hef þó haldið eftir einni gamallri starfsskyldu minni sem er að gæta hagsmuna Vesturbyggðar, og ef eitthvað er hef ég útvíkkað það svæði sem skylda þessi náir til yfir á allan Vestfjarðakjálkann. Í reynd má því segja að „aldrei fór ég suður“.

Stjórn kom saman 12 sinnum á árinu, þar af 10 sinnum á Ísafirði, en 2svar í Kópavogi Samgöngur milli sunnanverðra Vestfjarða og Ísafjarðar hafa að vanda gert það að verkum að það er margra daga vinna að sækja fundi milli þessara landssvæða að vetrum. Því væri það til klárlega til hagsbóta fyrir Orkubú Vestfjarða að Dýrafjarðagöng yrðu að veruleika ásamt öðrum nauðsynlegum samöngubótum milli þessara svæða, sem og á Barðastrandavegi. Jafnframt þyrfti stjórn að halda fundi víðar á starfssvæðinu eftir því sem kostur er.

Orkubús Vestfjarða lauk við meginhluta stefnumótunarvinnu sem grunnur hafði verið lagður að með vinnu starfsmanna Orkubúsins og fyrri stjórn félagsins. Þar er römmuð inn sú sýn að **Hlutverk Orkubús Vestfjarða er að fylla heimili og fyrirtæki ljósi, yl og krafti** með faglegri þjónustu og stuðningi okkar við Vestfirskar byggðir. Þessa sýn ætlum við að uppfylla með **því að hagnýta þekkingu okkar og lausnir til að virkja krafta Vestfjarða á hagkvæman hátt** og auka þannig lífsgæði viðskiptavina okkar.

Að þessum þáttum mun Orkubú Vestfjarða starfa. Jafnframt voru mótaðar starfsreglur stjórnar, sem eiga að draga fram stjórnarhætti þá sem viðhafðir skulu. Stjórn félagsins vill tileinka sér þá stjórnarhætti sem best þykja fallnir til að **styrkja grunnildi Orkubúsins, um áreiðanleika, þjónustu og framsækni.**

Áreiðanleiki

Á meðan að verulega vantar á að markmið um jafna skiptingu kynja í stjórnnum fyrirtækja í landinu náist, hafa konur verið í meirihluta stjórnar Orkubús Vestfjarða undanfarin ár. Sumir segja að fyrirtækjum sem þannig er farið farnist betur.

Rekstur Orkubús Vestfjarða gekk vel á árinu 2011 og var hagnaður eftir skatta 230,2 m.kr., rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti nam 555,4 m.kr. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu 278,4 m.kr. Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 662 m.kr. Veltufé frá rekstri nam 595,4 m.kr.

Framkvæmdum við Mjólka II lauk að mestu þar sem sett var upp ný 7MW vél í stað upphaflegrar 5,7MW vélar.

Af 662 m.kr. fjárfestingum í fastafjármunum á síðasta ári fór tæpur þriðjungur í uppbyggingu veitukerfis Orkubúsins. Krafa er um frekari fjárfestingar í uppbyggingu raforkudreifingar þ.m.t. með því að bjóða þrífösun á raforku víðar. Stjórn félagsins hefur hug á að halda áfram með framkvæmdir af þeim toga, til að þjónusta hagsmuni dreifbýlis, til uppbyggingar atvinnulífi og þjónustu. Þannig er nú unnið að þrífösun við frá Bíldudal að flugvelli og í Patreksfirði. Jafnframt verður hugað að verkefnum við þrífösun á Barðaströnd og í Árneshreppi og Þorpalínu fyrir næstu ár.

Orkubú Vestfjarða stendur traustum fótum, og hefur byggst upp á því fé sem rekstur þess hefur skilað, fremur en skuldsetningu. Í þeirri uppbyggingu hefur félagið notið þess að ekki hafi verið gerðar verulegar kröfur um greiðslu arðs til eiganda. Nokkrar umræður hafa verið innan stjórnar um arðgreiðslur til eiganda félagsins, Ríkissjóðs. Og fyrir aðalfundi liggur tillaga um greiðslu á 46 m.kr. arði í ríkissjóð að kröfu eiganda félagsins. Stjórn félagsins hefur í öllum ákvörðunum verið einhuga, en í þessu máli féllu atkvæði þannig að 4 stjórnarmenn samþykktu fyrirbyggjandi tillögu sem fram var komin að ósk eiganda félagsins. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Bæði er það rétt og skylt að eigandinn fái endurgjald fyrir þá fjármuni sem lagðir hafa verið til félagsins. Á hitt má þó líta að Orkubú Vestfjarða hefur ríkar skyldur á starfssvæði sínu vegna meginþátta í uppbyggingu lífsgæða hjá íbúum Vestfjarða. Stjórn félagsins vill þjónusta bæði eiganda þess og viðskiptavinum þannig að hagsmunir beggja fari saman sem kostur er.

Þjónusta

Orkubú Vestfjarða lét framkvæma þjónustukönnun á meðal viðskiptavina sinna síðastliðið haust. Á grundvelli niðurstaðna þeirra könnunar hafa starfsmenn farið yfir hvernig bæta megi ýmsa þætti starfseminnar. Einn hlutur stendur þó upp úr sem kallar fram neikvæð viðbrögð í garð Orkubúsins. Það er rafmagnsverð og umfjöllun um það. Þar sem Orkubú Vestfjarða hefur ekki fullnýtt heimildir til hækkana á verðskrá raforkudreifingar, til að mæta dreifingarkostnaði, stenst verðskrá raforkudreifingar á veitusvæði Orkubús Vestfjarða fyllilega samanburð við verðskrár annarra dreifiveitna. Dreifing raforku ætti að vera jafnræðismál íbúa landsins án tillits til búsetu og bindur stjórn Orkubús Vestfjarða vonir við að vinna starfshóps á vegum iðnaðarráðherra muni leiða til aðgerða til jöfnunar kostnaðar á landsvísu, milli dreifbýlis og þéttbýlis. Flutningur raforku ætti að vera jafnræðismál íbúa landsins án tillits til búsetu.

Framsækni

Orkubú Vestfjarða vill styðja við byggðir á starfssvæði sínu. Því mun félagið auka fagmennsku og þekkingu starfsfólks og efla öryggi á öllum sviðum og leita nýrra lausna í þjónustu bæði við fyrirtæki og heimili. Orkubú Vestfjarða mun halda áfram fjárfestingum til tryggingar raforku og hita, þannig að atvinnulíf og mannlíf á Vestfjörðum geti byggst upp. En jafnframt hyggst Orkubúið, með stuðningi við samfélagsverkefni sem íbúar fást við, leggja sitt að mörkum til að bæta lífsskilyrði og mannlíf á starfssvæði sínu. Á 10 ára afmæli hlutafélagsins Orkubús Vestfjarða 1. júlí s.l. veitti stjórn félagsins 1.750 þús. kr. í styrki til ýmissra samfélagstengdra verkefna, fyrst og fremst til barna og unglिंगastarfsemi á Vestfjörðum. Og undir lok árs var úthlutað 500 þús. kr. styrkjum til ýmissra verkefna. Þá er ótalið að Orkubúið er einn af helstu bakhjörllum Fossavatnsgöngunnar svo dæmi sé tekið.

Orkubú Vestfjarða mun halda áfram að styðja við góð málefni og uppbyggingu mannlífs á Vestfjörðum.

Á árinu sem leið fékk stjórn til umsagnar tillögur starfshóps um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Þar lýsti stjórn yfir að hún muni á næstu árum skoða virkjanakosti á Glámuhálendinu, en Glámuvirikjun var sett í biðflokk vegna meints skorts á gögnum. Jafnframt verði unnið að rannsóknum og undirbúningi Skúfnárvatnavirkjunar sem er í sama flokki. Báðir þessir virkjanakostir eru á

forræði Orkubús Vestfjarða. Jafnframt var því fagnað að Hvalárvirkjun væri sett í nýtingarflokk en hún er mikilvæg fyrir afhendingaröryggi og orkuframboð á Vestfjörðum

Þótt Orkubú Vestfjarða eigi ekki aðild að félagi um Hvalárvirkjun, þrátt fyrir að hafa átt í viðræðum um það á undanförunum árum, styður félagið þá framkvæmd heilshugar enda samræmist stefnu félagsins að hagnýta þekkingu okkar og lausnir til að virkja krafta Vestfjarða á hagkvæman hátt.

Að endingu færi ég stjórnarmönnum þakkir fyrir góð samskipti og störf á árinu, en sérstaklega þakka ég Orkubússtjóra og öllum starfsmönnum Orkubús Vestfjarða vel unnin störf og ánægjuleg samskipti undanfarið ár. Án framlags þeirra og metnaðar fyrir hönd Orkubúsins og Vestfjarða væri staða Orkubús Vestfjarða ekki jafn sterk og raun ber vitni.

Og þar sem ég byrjaði á að tilvitnun í texta eftir Bubba Morthens ætla ég að enda með því að vitna í heiti lags sem Óðinn Valdimarsson söng hér í eina tíð og segja, í trausti þess að fulltrúi hluthafa tilnefni mig áfram til stjórnarsetu í stjórn Orkubúsins: „Ég er kominn heim“.